

**Nd.**

## **232. Breytingartillaga**

við brtt. á þskj. 216 [Raforkulög].

Frá Jörundi Brynjólfssyni, Sigurði Þórðarsyni og Skúla Guðmundssyni.

Efnismálgrein 1. tölul. orðist svo:

Nú vilja einstakir bændur eða fleiri saman reisa vatnsorkustöðvar til rafmagnsframleiðslu til heimilisnota utan þeirra svæða, sem gera má ráð fyrir, að orkuveitutaugar frá héraðsrafveitum nái yfir, að dómi raforkumálastjóra, og veitir þá raforkusjóður lán til þeirra framkvæmda, allt að  $\frac{2}{3}$  kostnaðar, enda séu mannvirkin vel gerð að dómi rafmagnseftirlits ríkisins. Lánin má veita til 30 ára, og endurgreiðist þau með jöfnum afborgunum. Vextir séu 2%.